

Nr. 833

27. september 2012

## AUGLÝSING um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2013.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra hefur ákveðið, að tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga, að til að hljóta fullar beingreiðslur árið 2013 skuli fjöldi vetrarfóðraðra kinda vera að lágmarki 0,6 á hvert ærgildi greiðslumarks á lögbýli. Ákvörðun þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2013 og skal miða talningu á fjölda sauðfjár við sannreynda talningu búfjárefstirlitsmanns sem framkvæma skal fyrir 15. apríl 2013.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 3. mgr. 39. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. september 2012.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Ólafur Friðriksson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2012